



Samþykktar á fundi í stjórn FOSL 5. desember 2023.

Gilda frá 1. janúar 2024.

Úthlutunarreglur Fjölskyldu- og styrktarsjóðs (FOSL)

1. Almenn réttindi:

Réttur sjóðfélaga til úthlutunar úr sjóðnum er háður því að greitt hafi verið í FOSL vegna sjóðfélaga í samtals sex mánuði og þar af í þrjá mánuði samfelld áður en það, sem leiðir til styrksúmsóknar, gerðist.

Varðandi rétt til fæðingarstyrks er rétturinn þó háður því að greitt hafi verið í FOSL vegna sjóðfélaga í samtals níu mánuði, þar af í sex mánuði samfelld fyrir fæðingu barns.

a. Í fæðingarorlofi: Læknar sem fara í fæðingarorlof og velja að greiða félagsgjald til Læknafélags Íslands (LÍ) meðan á því stendur halda fullum réttindum í FOSL.

b. Í veikindum: Læknir, sem hefur fullnýtt veikindarétt sinn hjá sjóðnum, nýtur áfram annarra réttinda í sjóðnum, í allt að eitt ár, svo fremi að læknirinn greiði félagsgjald til LÍ, enda stofni hann ekki til réttinda annars staðar.

c. Aðild við starfslok: Réttindi hjá FOSL falla niður við starfslok, sbr. þó rétt til útfararstyrks. Sjóðstjórn getur vikið frá þessum skilyrðum við sérstakar aðstæður sjóðfélaga.

2. Umsóknir og reglur:

a. Umsókn. Allir styrkir FOSL eru veittir samkvæmt umsókn, sem senda skal rafrænt á tilteknum eyðublöðum, sem aðgengileg eru á heimasíðu LÍ.

b. Gögn: Gögn skulu send inn rafrænt með umsókn. Nauðsynleg gögn verða að liggja fyrir til að sjóðfélagi geti fengið greitt úr sjóðnum. Þessi gögn eru a) sundurliðaðir reikningar með nafni umsækjanda sem sannanlega eru greiddir af sjóðfélagi sjálfum. Á reikningunum þarf að vera útgáfudagur reiknings, áritun/stimpill/merki þess er gefur reikninginn út með upplýsingum um nafn, starfsheiti, kennitölu og heimilisfang eða símanúmer. b) Upplýsingar um þiggjanda meðferðar, sundurliðun og tegund meðferðar ásamt dagsetningu meðferðar eða kaupa á vöru eða þjónustu sem aðeins sjóðfélagi hefur nýtt sér skal koma fram á reikningi. Sjóðurinn áskilur sér rétt til að óska eftir frumriti reiknings sem áður hefur verið sendur til sjóðsins, áður en útborgun á sér stað.

c. Afgreiðsla umsókna. Starfsmenn LÍ afgreiða umsóknir samkvæmt úthlutunarreglum þessum og ákvörðun sjóðstjórnar, ef því er að skipta. Veikindalaun eru afgreidd einu sinni í mánuði í byrjun næsta mánaðar, fyrir nýliðinn mánuð. Aðrir styrkir eru afgreiddir a.m.k. einu sinni í hverjum mánuði. Sjóðfélagi getur ávallt vísað afgreiðslu á máli sínu til stjórnar FOSL.

d. Upphæð styrks – staðgreiðsla skatta. Ekki eru greiddir hærri styrkir en sem nemur framlögðum reikningum og með hliðsjón af hámarksstyrk samkvæmt úthlutunarreglum.

Staðgreiðsla skatta er tekin af öllum styrkfjárhæðum. Sjóðstjórn hefur ákveðið þak á heildargreiðslum styrkja úr FOSL á ári hverju, til hvers sjóðfélaga, sjá hér síðar.

e. Eftirfarandi gildir um hverja tegund styrkja:

- Sækja þarf um fæðingarstyrk innan 12 mánaða frá fæðingu barns eða þeim tíma sem barn er ættleitt eða tekið í varanlegt fóstur. Skila þarf inn fæðingarvottorði barns eða staðfestingu á ættleiðingu eða varanlegu fóstri.
- Sækja skal um veikindastyrk eins fljótt og unnt er og að jafnaði eigi síðar en þremur mánuðum eftir að veikindaréttur tæmist hjá launagreiðanda. Skila þarf læknisvottorði sem og staðfestingu launagreiðanda á fullnýtingu veikindaréttar. Sjálfstætt starfandi lækna þurfa að skila inn staðfestingu skattfyrvalda um að launagreiðslur hafi fallið niður og upplýsingum um veikindatryggingu.
- Sækja þarf um útfararstyrk eigi síðar en sex mánuðum frá andláti sjóðfélaga eða fyrrum sjóðfélaga. Umsókn skal fylgja dánarvottorð og staðfest ljósrit af reikningum fyrir útför.
- Sækja skal um aðra styrki eins fljótt og unnt er og að jafnaði eigi síðar en 12 mánuðum eftir að styrkhæft atvik gerðist. Umsókn þurfa að fylgja kvittanir fyrir útgjöldum og staðfesting á greiðslu.
- Réttindi til styrkja skulu að jafnaði vera bundin því starfshlutfalli, sem lækni gegnir á þeim tíma sem umsókn kemur fram, nema sérstakar aðstæður mæli gegn þeirri niðurstöðu að mati sjóðstjórnar.

f. Villandi eða rangar upplýsingar. Sá sem gefur rangar eða villandi upplýsingar eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar, missir rétt til styrkja í allt að tvö ár. Í tilvikum, þar sem um er að ræða ofgreiðslu vegna rangra upplýsinga, er sjóðstjórn heimilt að endurkrefja sjóðfélaga um alla ofgreidda styrkfjárhæð, auk dráttarvaxta. Sjóðstjórn er heimilt að draga ofgreidda styrki frá næstu styrkúthlutunum til sjóðfélaga.

g. Sjúkratryggingar Íslands. Að jafnaði er ekki veittur styrkur vegna kostnaðar sem mætt er af greiðsluþáttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands.

3. Styrkir:

1. Glasafjrjógungun og fæðingarstyrkur (vegna fæðingar, ættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur:

a. Styrkur vegna glasafjrjógungunar: Greiddur er 300.000 kr. hámarksstyrkur vegna glasafjrjógungunar. Þegar sjóðfélagi hefur fengið hámarksgreiðslu kr. 300.000 vegna glasafjrjógungunar endurnýjast rétturinn ekki. Leggja þarf fram kvittanir sem staðfesta útgjöld sjóðfélaga sem nema a.m.k. þessari fjárhæð.

b. Fæðingarstyrkur og styrkur vegna ættleiðingar eða varanlegs fósturs: Sjóðfélagi, sem eignast barn, ættleiðir barn eða tekur barn í varanlegt fóstur getur sótt um fæðingarstyrk að fjárhæð kr. 350.000. Ef um fjölbura er að ræða hækkar fjárhæðin um 50% fyrir hvert barn. Eingöngu sjóðfélagar sem starfa og fá greidd laun á Íslandi eiga rétt á að fá greiddan þennan styrk úr sjóðnum, að fullnægðum öðrum skilyrðum fyrir greiðslu fæðingarstyrks. Hafi sjóðfélagi fengið styrk vegna töku barns í varanlegt fóstur er ekki síðar hægt að greiða styrk vegna ættleiðingar sama barns.

2. Veikindastyrkur: nemur 80% af grunni inngreiðslna sjóðfélaga í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki kr. 1.200.000,- á mánuði í fjóra mánuði. Hvert samfellt greiðslutímabil er að jafnaði fjórir mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sá

sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í þrjá mánuði og 12 mánuðir eru liðnir frá síðustu veikindastyrksgreiðslu. Sjóðfélagi sem er sjálfstætt starfandi hefur rétt til greiðslu veikindastyrks sem um launþega væri að ræða. Biðtími til veikindastyrks hjá sjálfstætt starfandi sjóðfélaga vegna eigin veikinda skal vera að lágmarki sex mánuðir.

3. **Styrkur vegna alvarlegra veikinda maka eða barna:** Nú hefur sjóðfélagi farið í launalaust leyfi vegna alvarlegra veikinda maka eða barna og greiðir FOSL þá styrk sem nemur 80% af grunni inngreiðslna sjóðfélaga í sjóðinn síðustu 12 mánuði áður en greiðslur féllu niður þó að hámarki kr. 1.200.000,- á mánuði í þrjá mánuði. Hvert samfelt greiðslutímabil er að jafnaði þrjú mánuðir á hverju 12 mánaða tímabili. Sá sem hefur fullnýtt þann rétt öðlast hann að nýju þegar greitt hefur verið fyrir hann til sjóðsins í 3 mánuði og 12 mánuðir eru liðnir frá síðustu greiðslu vegna þessa styrks. Sjóðfélagi sem er sjálfstætt starfandi hefur rétt til greiðslu þessa styrks, sem um launþega væri að ræða.
5. **Útfararstyrkur:** Greiddur er útfararstyrkur að fjárhæð kr. 400.000,- vegna fráfalls sjóðfélaga. Réttindi sjóðfélaga haldast í 12 mánuði frá starfslokum. Sýna þarf fram á útfararkostnað og greiðslu hans, þegar sótt er um styrkinn.
6. **Aðrir styrkir:** Heimilt er að veita sjóðfélaga eftirtalda styrki einu sinni á hverjum þremur árum nema annað sé tilgreint.
 - **Eingreiðslustyrkur vegna sérstakra aðstæðna eða launamissis:** Veita má einu sinni á ári, í allt að þrjú ár, styrk úr sjóðnum með eingreiðslu allt að kr. 1.000.000,- vegna sérstakra aðstæðna sem hafa í för með sér launamissi sjóðfélaga. Sjóðfélagi þarf að sýna fram á tekjutap og að hann hafi tæmt veikindarétt sinn bæði hjá launagreiðanda og hjá sjóðnum.
 - **Eingreiðslustyrkur vegna verulegra sérstakra fjárútláta sjóðfélaga,** s.s. vegna aðgerðar, sem ekki er greidd af sjúkratryggingum, en þó læknisfræðilega nauðsynleg. Greiddur er helmingur útlagðs kostnaðar, þó að hámarki kr. 200.000.
 - **Eingreiðslustyrkur vegna gleraugnakaupa.** Greiddur er ¼ útlagðs kostnaðar, þó að hámarki 50.000 kr.
 - **Eingreiðslustyrk vegna tannviðgerða.** Greiddur er helmingur útlagðs kostnaðar, þó að hámarki 200.000 kr.
 - **Styrkur vegna sálfræðimeðferðar.** Greiddur er helmingur útlagðs kostnaðar, þó að hámarki kr. 75.000 á hverju 12 mánaða tímabili fyrir einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingi.
 - **Styrkur vegna endurhæfingardvalar.** Dvöl á viðurkenndri heilsustofnun, svo sem NLFÍ er styrkhæf með kr. 100.000, einu sinni á hverjum fimm árum. Stjórn FOSL áskilur sér rétt til að óska eftir læknisvottorði. Styrkur verður aldrei hærri en útlagður kostnaður. Sjóðfélagi sendir inn afrit af reikningum með umsókn ásamt staðfestingu á greiðslu.
 - **Eingreiðslustyrkur vegna tækjakaupa:** s.s. heyrnartækja. Greiddur er helmingur útlagðs kostnaðar þó að hámarki kr. 200.000,-.
7. **Hámark styrksgreiðslna úr FOSL á hverju almanaksári.** Sjóðfélagi, sem fengið hefur fæðingarstyrk á almanaksárinu, getur aldrei fengið samtals meira en 500 þús. kr. úr sjóðnum það ár. Styrkur til glasafrjóvgunar skal þó aldrei skerða fæðingarstyrk.

Aðrir sjóðfélagi getur á einu almanaksári aldrei fengið samtals hærri styrki en 400 þús.kr.

Veikindastyrkur og eingreiðsla vegna veikinda telur aldrei inn í hámark styrksgreiðslna á hverju almanaksári.

Fylgiskjöl umsókna:

Fæðingastyrkur:

- Fæðingarvottorð barns

Veikindastyrkur:

- Læknisvottorð
- Staðfesting frá vinnuveitanda um launaleyssi.
- Ef um er að ræða sjálfstætt starfandi sjóðfélaga þarf að skila inn staðfestingu skattyfirvalda um að launagreiðslur hafi fallið niður og upplýsingar um veikindatryggingar viðkomandi.
- Staðfesting á hjúskap eða sambúð ef sótt er um veikindastyrk vegna alvarlegra veikinda maka/sambúðarmaka.

Eingreiðslustyrkur:

- Vottorð frá lækni.
- Staðfesting frá vinnuveitanda að sjóðfélagi hafi fullnýtt veikindarétt sinn.
- Kvittanir fyrir útgjöldum.

Ýmsir eingreiðslustyrkir:

- Vottorð frá lækni um nauðsyn meðferðar (ef við á).
- Kvittanir fyrir kaupum og staðfestingu greiðslu sjóðfélaga.

Útfararstyrkur:

- Dánarvottorð.
- Staðfest ljósrit af reikningi fyrir útför og staðfestingu á greiðslum.